

Sorphreinsun

Sorphreinsun árið 2015 verður annan hvorn þriðjudag.

Með því að flokka sorp í helstu sorpflokka á ein sorptunna að nægja hverju heimili í tvær vikur. Ef sú verður ekki raunin er mögulegt að panta aukatunnu. Gjaldið fyrir losun aukatunnu er 15.260 kr á ári samkvæmt gjaldskrá Dalabyggðar fyrir árið 2015.

Íbúar sem hafa athugasemdir og/eða ábendingar fram að færa varðandi sorphirðu eru hvattir til að hafa samband við Viðar Þór og koma þeim þannig á framfæri. Netfang Viðars er vidar@dalir.is eða sími 894 0013.

Rúlluplast

Rúlluplasti verður safnað í Dalabyggð 4.-5. febrúar, 15.-16. apríl, 24.-25. júní og 18.-19. nóvember.

Plastið skal haft á aðgengilegum stað og snyrtilega frágengið fyrir sorpverktaka. Mikilvægt er að baggabönd og net séu sett sér í glæra plastpoka og vel aðgreinanleg frá rúlluplasti.

Óheimilt er að setja rúlluplast í sorpgáma á grenndarstöðvum sveitarfélagsins.

Opin brennsla úrgangs er óheimil þ.m.t. rúlluplasts skv. lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 737/2003.

Endurvinnslan

Enduvinnslustöðin í Búðardal er opin á þriðjudögum kl. 15-18, og laugardögum kl. 11-14.

Íbúar geta komið með flokkað sorp á öllum tímum sólarhrings og losað í svokallaða flokkunarkrá í endurvinnslustöðinni.



DALAPÓSTURINN

1. tölublað, 8. árgangur
Janúar 2015

Jarðir í Dalabyggð

Fjármálaráðuneytið hefur fengið frest til 1. mars 2015 til að skila kröfum í Þjóðlendur í Dalasýslu, Snæfellsnessýslu, og fyrrum Bæjar-, Broddanes- og Kolbeinsstaðahreppum. Áður hafa komið kröfur í hluta af jörðum Dalamanna er liggja í Mýrasýslu.

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 18. nóvember 2014 var samþykkt að starfshlutfall héraðsskjalavarðar yrði aukið tímabundið til að athuga hvað væri til af gögnum sem sannað gætu eignarrétti á landi í Dalabyggð.

Á vefsvæði Héraðsskjalasafns Dalasýslu á Dalir.is má finna upplýsingar um helstu heimildir tengdar landamerkjum, örnefnum og nytjum einstakra jarða í sveitarfélaginu.

Almennt eru þessi gögn ekki varðveitt á héraðsskjalasöfnum, heldur á Þjóðskjalasafni Íslands og er hluti þeirra aðgengilegur á vefnum; jardavefur.skjalasafn.is.

Fyrirspurnum, ábendingum, leiðréttingum og öðru sem skiptir máli skal komið til héraðsskjalavarðar í síma 430 4700 eða á netfangið safnamal@dalir.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Fasteignagjöld

Álagning fasteignagjalda stendur nú yfir. Álagningarseðla fasteignagjalda má nálgast rafrænt (pdf-skjöl) á þjónustusíðu opinberra aðila **www.island.is**. Íbúar 67 ára og eldri fá þá senda í pósti. Aðrir sem vilja fá senda útprentaða álagningarseðla skulu hafa samband.

Fasteignagjöld eru innheimt á sex gjalddögum með rafrænum greiðsluseðlum. Ef heildargjöld greiðanda eru undir 12.000 kr er einungis einn gjalddagi; 5. apríl. Ef heildargjöld greiðanda eru lægri en 250 kr. eru þau ekki innheimt.

Veittur er 5% staðgreiðsluafsláttur séu öll gjöld greidd í síðasta lagi 15. febrúar. Nánari upplýsingar um staðgreiðsluafslátt, bankarreikning og innheimtu veitir Ingibjörg Jóhannsdóttir bókari í síma 430 4700 kl. 9-13. Einnig má senda fyrirspurn á netfangið ingibjorgjo@dalir.is. Elli- og örorkulífeyrisþegar, með lögheimili og búsetu í Dalabyggð, njóta afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjaldi sem lagt er á íbúðarhúsnæði í eigu viðkomandi, enda hafi hann þar búsetu. Afslátturinn er tekjutengdur (Skattframtal 2014, tekjur 2013).

Álagður fasteignaskattur er

- 0,50% af álagningarstofni íbúðarhúsa, útihúsa og sumarbústaða ásamt lóðarleiguréttindum og jarðeigna.
- 1,32% af álagningarstofni opinbers húsnæðis.
- 1,50% af álagningarstofni allra annarra fasteigna og lóða.

Lóðaleiga

- íbúðarhúsnæðis er 1,70% af fasteignamati lóðar.
- atvinnuhúsnæði er 2,00% af fasteignamati lóðar.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Dalabyggðar.

Sælingsdalslaug

Opnunartímar Sælingsdalslaugar í febrúar eru á þriðjudögum kl. 15:30-20:00, miðvikudögum kl. 18:00-21:45 og fimmtudögum kl. 15:30-18:00.

Enginn tími er laus í íþróttasalnum fram að páskum nema um helgar. Frá og með 1. janúar verður bumbubolti lagður niður. Þeir sem vilja spila fótbolta eru beðnir að hafa samband við Guðna hjá UDN, en UDN verður með tvær fótboltaæfingar í viku á Laugum eftir áramót. Opnunartími sundlaugarinnar miðast að hluta til við æfingar í húsinu.

Þeir sem vilja koma sérstaklega að synda er velkomið að hafa samband við forstöðumann upp á möguleika á að synda í lauginni fyrir utan almenna opnunartíma. Til dæmis er hægt að synda þá daga sem opið er fyrir Ungmennabúðirnar, því þá er sundvörður á svæðinu. En því miður er ekki pláss í pottinum. Ungmennabúðirnar nýta laugina á mánudögum kl. 20-21, þriðjudögum kl. 20-21 og miðvikudögum kl. 17-18.

Þá geta hópar samið um sérofnun með fyrirvara. Starfsemi er að öllu jöfnu á Laugum mánudaga—fimmtudaga kl. 8-18.

Silfurtún

Eldri borgarar eiga þess kost að kaupa heitan mat í hádeginu á Silfurtúni. Hægt er að velja um að borða í matsal með íbúum eða að sækja matinn og taka með sér heim í bökkum. Hægt er að skrá sig í fæði ákveðna daga vikunnar.

Nánari upplýsingar og skráning er hjá Eyþóri eða Gróu í síma 434 1218, netfang silfurtun@dalir.is.